

GJALDSKRÁ

Norðurorku fyrir heitt vatn.

Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæðinu.

1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heitavatsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð kr. 89

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

<i>Mælir</i>	<i>Grunnverð</i> <i>kr./dag</i>
15 mm	37,82
20 mm	81,05
25 mm	156,70
32 mm	302,59
40 mm	615,98
50 mm	1188,7304

Ólafsfjarðarveita.

Fast gjald og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðuroku.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.230,00.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 54,20.

Aðalheimæðar fyrir hitaveitu:

<i>Dvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð</i> <i>kr.</i>
20 mm heimæð	185.423
25 mm heimæð	241.049
32 mm heimæð	325.416
40 mm heimæð	455.584
50 mm heimæð	660.595

65 mm heimæð	990.894
80 mm heimæð	1.535.886

Tengigrind kr. 27.478

Tengigrind er ekki innifalin í heimæðagjaldi.

Í fullfrágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

Lengdargjald:

1. Lengdargjald í dreifbýli skal vera samkvæmt kostnaði.

2. Lengdargjald í þéttbýli kr./metri 4.279.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Á sumarbústaði er settur skápur á útvegg fyrir heimlögn.

Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús og sambærileg hús er fast gjald og minnsta notkun á heitu vatni er 300 m³.

Bráðabirgðaheimæð:

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm	18.577
25 mm	23.275
32 mm	24.155

Lengdargjald

20 mm kr. m	2.593
25 mm kr. m	3.242
32 mm kr. m	3.242

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar.

Ef bráðabirgðaheimæð verður síðar notuð sem aðalheimæð fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald.

Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 173, 13. febrúar 2004, með síðari breytingum. Einnig er úr gildi felld frá og með 1. janúar 2006 gjaldskrá Hitaveitu Ólafsþjardar, nr. 185, 1. febrúar 2005.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 2005.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.